

43. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar þriðjudaginn 6. desember 2011, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun 2012 – 6. vinnufundur**
 - 2. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2011**
 - b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. nóvember 2011**
 - c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 1. nóvember 2011**
 - d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 22. nóvember 2011**
 - e) stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 1. nóvember 2011**
 - f) stjórnar SSNV frá 11. nóvember 2011**
 - g) stjórnar Bs. um menningu og atvinnumál í A-Hún frá 3. október 2011**
 - h) samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011**
 - i) samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga frá 14. október 2011**
 - 3. Bréf frá Oddný Maríu Gunnarsdóttur frá 14. nóvember 2011**
 - 4. Bréf frá eigendum hunda og katta á Blönduósi frá 1. nóvember 2011**
 - 5. Bréf frá Bs. félags- og skólajónustu frá 23. nóvember 2011**
 - 6. Bréf frá EBÍ frá 20. október 2011**
 - 7. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 19. október 2011**
 - 8. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

- 1. Fjárhagsáætlun 2012 – 6. vinnufundur**

Fjármálastjóri sat fundinn undir þessum lið.
Bæjarráð fjallaði um styrkumsóknir félagasamtaka og ýmis verkefni á sviði viðhalds og fjárfestinga.
- 2. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2011**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. nóvember 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 1. nóvember 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 22. nóvember 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 1. nóvember 2011

Fundargerðin er samþykkt.

f) Stjórnar SSNV frá 11. nóvember 2011

Bæjarráð tekur undir bókun í 7 lið a. þar sem mótmælt er að að verja 300 milljónum af 700 milljóna aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til aðstoðar við eitt sveitarfélag í skuldavanda.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar Bs. um menningu og atvinnumál í A-Hún frá 3. október 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga frá 14. október 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Bréf frá Oddný Maríu Gunnarsdóttur frá 14. nóvember 2011

Erindi Oddný M. Gunnarsdóttir tekið fyrir og afgreitt.

4. Bréf frá eigendum hunda og katta á Blönduósi

Óskað er eftir svörum við spurningum varðandi hunda-og kattaleyfisgjald í Blönduósbæ. Jafnframt eru settar fram tillögur varðandi hvað eigi að vera innifalið í hunda-og kattaleyfisgjaldi í Blönduósbæ. Undir bréfið rita hunda- og katta eigendur á Blönduósi.

Bæjarráð fagnar erindinu og þakkar fyrir góðar ábendingar. Bæjarstjóra falið að svara spurningum sem fram koma í bréfinu en að öðru leyti er efni bréfsins vísað til fjárhagsáætlunargerðar. Í fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlun 2012 er gert ráð fyrir að hundaleyfisgjald verði kr. 8.000.

5. Bréf frá Bs. félags-og skólaþjónustu frá 23. nóvember 2011

Undanfarin ár hefur Félags-og skólaþjónusta A-Hún tekið þátt í að dreifa jólaaðstoð frá þriðja aðila til einstaklinga og fjölskyldna í fjárhagserfiðleikum.

Félagsmálastjóri óskar eftir upplýsingum um það hvort sveitarfélög í A-Hún hafi hug á að veita fjármagn í jólaaðstoð 2011 og þá hve há sú fjárupphæð væri.

Bæjarráð samþykkir að andvirði kaupa á jólakortum samtals kr. 25.000 í ár renni til Jólaaðstoðar 2011.

6. Bréf frá EBÍ frá 20. október 2011

Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands var haldinn 12. október sl. Á fundinum var eftirfarandi tillaga varðandi ágóðahlutagreiðslur til aðildarsveitarfélaganna samþykkt einróma:

„Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ 12. október 2011 samþykkir að halda óbreyttu markmiði EBÍ að hluti hagnaðar af starfsemi félagsins skuli árlega greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutdeildar.

Aðalfundurinn felur stjórn félagsins að ákveða á hverju ári upphæð ágóðahlutagreiðslanna. Til grundvallar ákvörðun stjórnarinnar skal ætíð taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingarstefnu EBÍ.

Fundurinn samþykkir að ekki verði greiddur út ágóðahlutur til aðildarsveitarfélaganna vegna ársins 2011.“

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 19. október 2011

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir tilnefningu fulltrúa sveitarfélagsins Blönduósbæjar í vatnasvæðisnefnd á vatnasvæði 1. Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Bæjarstjóra falið að vinna frekar að málinu.

8. Önnur mál

a) Bæjarstjóri ásamt Herði Ríkharðssyni áttu fund með Þórní Sólmundarsyni, starfsmanni mennta-og menningarmálaráðuneytisins. Á fundinum var farið yfir samning ráðuneytisins við Blönduósbæ varðandi þekkingarsetur á Blönduósi.

b) Almennur fundur í Veiðifélagi Laxár á Ásum verður haldinn laugardaginn 10. desember 2011, kl. 13:00 í fundarsal Samtöðu Þverbraut 1, Blönduósi.

Bæjarráð samþykkir að Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson fari með atkvæði Blönduósbæjar á fundinum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:30

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)